



Innan Samorku starfa fráveitur, hitaveitur,
vatnsveitur, raforkuframleiðendur og flutnings-
og dreifingaraðilar raforku

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/410
komudagur 27.11.2013

27. nóvember 2013

Umsögn um frumvarp til laga um Orkuveitu Reykjavíkur, 178. mál.

Í grunninn byggist frumvarpið á texta laga nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur (OR), með síðari breytingum. Helstu nýmælin eru að skýrt er tekið fram að OR sé heimilt að eiga dótturfélög og framselja til þeirra tilgreind sérleyfi eða einkaleyfi, enda mun fyrirtækinu það nauðsynlegt til að uppfylla skilyrði raforkulaga um aðskilnað sérleyfis- og samkeppnisstarfsemi.

Frumvarpið snýr að einu fyrirtæki, sem er aðili að Samorku og starfar að hluta til á samkeppnismarkaði. Að mati Samorku er því almennt séð tæplega við hæfi að samtökin setji fram sterk sjónarmið í slíku máli, en samtökin gera ekki athugasemd við tillögur fulltrúa eigenda félagsins í þessu frumvarpi.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
framkvæmdastjóri